# Uppgjör 3M 2026

**Lilja Björk Einarsdóttir**
Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**
Framkvæmdastjóri Fjármála



# Landsbankinn – stærsta alhliða fjármálafyrirtæki á Íslandi

## Rekstrartekjur
án virðisbreytinga




## Samþætt þjónusta
Aðgengileg í appi, netbanka og um allt land



Útlán*
**29,2%**

Innlán**
**37,1%**

Heildareignir
**2.335**
ma.kr.

Eiginfjárhlutfall
**24,8%**

Lánshæfismat S&P Global
**A-/A-2**
Stöðugar horfur

LANDSBRÉF

943 stöðugildi

34 útibú og afgreiðslur

*Markaðshlutdeild í útlánum lánafyrirtækja
**Markaðshlutdeild í innlánum innlánsstofnana
Heimild: Seðlabankinn, 28. febrúar 2026

# Samstæðan skilar góðu uppgjöri á fyrsta ársfjórðungi

| Hagnaður | Arðsemi eiginfjár | Samsett hlutfall TM |
| --- | --- | --- |
| 11,2 ma.kr. | 13,5% á ársgrundvelli | 93,7% |

| Hreinar vaxtatekjur | Hreinar þjónustutekjur | Kostnaðarhlutfall (K/T) |
| --- | --- | --- |
| +5,8 ma.kr. | +0,2 ma.kr. | 30,3% |

| Heildarútlán | Heildarinnlán | Eigið fé |
| --- | --- | --- |
| 1.910 ma.kr. | 1.283 ma.kr. | 320 ma.kr. |

**Arðsemi eiginfjár** er 13,5% og vænt arðsemi ársins í heild er á bilinu 11-13%.

**Hreinar vaxtatekjur** hækka á milli ára, þar af eru 3,8 ma.kr. bein áhrif verðbólgu, sem er óvenjulega hátt. Á tímabilinu var verðbólga 10,4% (á ársgrundvelli) samanborið við 4,2% á sama tíma árið áður. **Hreinn vaxtamunur** er núna 3,5% en væntur vaxtamunur ársins i heild er 3,0%.

**Hreinar þjónustutekjur** hækka um 8,1% eða sem nemur 243 milljónum.

**Rekstrargjöld** hækka um 3% á milli ára og **kostnaðarhlutfall** bankans mælist 30,3%, vel undir 40% markmiði bankans.

**Virðisrýrnun útlána og krafna** nemur um 1,6 milljörðum og eykst frá fyrra ári. Þetta endurspeglar dekkri horfur, einkum vegna langvinns tímabils hárra vaxta og verðbólgu innanlands og aukinnar óvissu erlendis. **Vanskil** eru þó enn lág í sögulegu samhengi.

Bankinn gaf út **víkjandi AT1 verðbréf** í krónum í fyrsta sinn. Með útgáfunni hefur bankinn nýtt að fullu þá hagkvæmni sem viðbótar eiginfjárþáttur 1 býður upp á innan regluverks fjármálafyrirtækja og liggur næst eiginfé í kröfuröð.

Bankinn er með **sterka eiginfjárstöðu.** Eiginfjárhlutfall er 450 punktum yfir 20,3% kröfu eftirlitsaðila, vogunarhlutfallið er 13,7% og gírun er 7,3x.

**Greiddur arður** í lok fjórðungsins nam 25,5 milljörðum og samanstendur af fyrri hluta reglulegrar arðgreiðslu að upphæð 9,4 milljarðar og 16,1 milljarða sérstakri arðgreiðslu. Heildarfjárhæð arðs vegna reikningsársins 2025 mun nema alls 34,9 milljörðum, en síðari hluti reglulega arðsins verður greiddur út 16. september nk.

# Áhrifarík samþætting Landsbankans og TM

Víðari **þekking**

Alhliða fjármálaþjónusta og **betri kjör**



Sala trygginga fyrir einstaklinga og fjölskyldur hófst 10. mars **– eftirspurn þrefaldaðist** fyrsta daginn

## Bankatryggingarhlutfall hækkar

| Einstaklingar | Fyrirtæki |
|---|---|
| **18,3%** | **20,7%** |
| +0,7% | +0,5% |

## Nýsala fjórðungsins eykst um

**90%**

á milli ára

Fleiri **tekjustoðir**

Aukið **rekstrarhagræði**

**Samnýting** innviða og þjónustu

| Febrúar | Mars | Júní | Janúar | Mars |
|---|---|---|---|---|
| **2025** Landsbankinn tekur við rekstri TM | Útibú TM og bankans sameinast<br>Tryggingaráðgjafar í útibúum | Höfuðstöðvar TM færast í miðborgina | **2026** TM í samstarf við Aukakrónur | Sala trygginga og þjónusta til einstaklinga í nafni bankans hefst |

# Vöxtur í nýjum tekjustraumi

Færsluhirðing Landsbankans er dæmi um árangursríka útvíkkun á starfsemi bankans og hefur laðað nýja viðskiptavini að bankanum sem opnar á frekari tækifæri.




# Árangur á fyrsta ársfjórðungi



**200 nýir** sölustaðir

**16,3** milljón færslur

**80 nýir** viðskiptavinir

**91 ma.kr.** velta (+39% mv. 1F 2025)



# Sveigjanleiki í fyrirtækjaþjónustu

Viðskiptavinir taka nýjum lausnum vel og notkun færist í auknum mæli yfir í stafræna sjálfsafgreiðslu

**50%** viðskiptavina nýta fyrirtækjaþjónustu í sjálfsafgreiðslu utan opnunartíma

**17.500** greiðslukvittanir voru hengdar við kortafærslur sem skila sér beint inn í bókhald fyrirtækja

**20** greiðslur á sekúndu á álagstímum

# Traust ráðgjöf

**Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans var ráðgjafi í tveimur stórum verkefnum**

| Styrkás | ALFA FRAMTAK |
| --- | --- |
| Kaup Styrkás á Gallon | Sala Orkla Snacks á Nóa Síríusi til AF3 (Alfa framtaks) |

# Sífellt fleiri spara í appi og safna sér Aukakrónum

## Notkun á stafrænum lausnum er mikil og vel yfir meðaltali annarra banka í Evrópu*

Fleiri spara í appi

**22%**

fjölgun miðað við sama tíma í fyrra

Inneignin vex

**+25%**

miðað við sama tíma 2025

**43%**

allra viðskiptavina spara í appi

**61%**

viðskiptavina á aldrinum 18-24 ára spara í appi

**Mikil og vaxandi notkun**

Yfir helmingur viðskiptavina notar appið oftar en 20 sinnum í mánuði og notkunin fer vaxandi

### Betra yfirlit yfir vaxtatekjur

Nú birtist yfirlit yfir vaxtatekjur sl. 12 mánaða á sparireikningum í appi




### Aukakrónudagurinn 27. febrúar

**Yfir 50 samstarfs-aðilar tóku þátt**

**20% fleiri** Aukakrónur greiddar út samanborið við árið í fyrra

AUKAKRÓNUR

Aukakrónusöfnun **fimmfaldaðist** á deginum

**5,7 m** Aukakrónur söfnuðust



*Finalta, dótturfélag McKinsey, 2025, samanburður banka í V-Evrópu.

# Breytt mynstur í íbúðalánum

## Ný íbúðalán nánast öll óverðtryggð
## Algengast að festa vexti til 1, 3 eða 5 ára

### Ný íbúðalán á 1F 2025




### Ný íbúðalán á 1F 2026




### Breytt framboð vegna dóma Hæstaréttar

Samsetning nýrra íbúðalána bankans hefur breyst mikið í kjölfar vaxtadóma. Bestu kjör bankans eru á óverð-tryggðum íbúðalánum og í hækkandi vaxtaumhverfi velja flestir að festa vexti.

### Íbúðalán dragast lítillega saman

Verðtryggð íbúðalán eru nú eingöngu fyrir fyrstu kaupendur og færri taka verðtryggð lán hjá okkur. Íbúðalán dragast lítillega saman að raunvirði. Vanskil eru í lágmarki og veðsetningarhlutfall hefur lækkað.

# Við bjóðum okkar bestu kjör á íbúðalánum

## en sérstakir skattar og kröfur hafa mikil áhrif

Lægstu vextir íbúðalána á föstum vöxtum til 12 mánaða eru nú 8,75%, sem er aðeins 1,25 prósentustigum yfir 7,50% stýrivöxtum Seðlabankans.

- Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki* samsvara um helming þess vaxtaálags, eða allt að 0,65 prósentustiga vaxtaálagi.

Við bjóðum lántökum að festa vexti á óverðtryggðum íbúðalánum til 1, 3 eða 5 ára.

- Hátt og óstöðugt vaxtastig, ásamt takmörkunum á uppgreiðslugjaldi, koma í veg fyrir að bankinn bjóði fasta óverðtryggða vexti til lengri tíma en 5 ára.
- Meiri sveigjanleiki í uppgreiðslugjöldum getur aukið fjölbreytni í útlánum, s.s. lán með lægri vöxtum en hærri uppgreiðslugjöld sem valkostur við lán með lægri uppgreiðslugjöld en hærri vexti.

* Sérstakur 6% fjársýsluskattur á hagnað umfram 1 ma.kr., 0,145% skattur á skuldir umfram 50 ma.kr., sérstakur 5,5% fjársýsluskattur á laun og vaxtalaus bindiskylda hjá Seðlabanka Íslands.

# Eflum menntun og nýsköpun

## Við erum virkur þátttakandi í samfélaginu um land allt og styðjum framþróun á öllum stigum

Stækkum fermingargjöfina og bjóðum ráðgjöf

Styrkjum gangbrautarvörslu við grunnskóla á Akranesi og í Vestmannaeyjum

Netöryggisfræðsla fyrir framhaldsskólanema á Grundarfirði

Fjármálafræðsla fyrir framhaldsskóla á Höfn


















Endurnýjum samstarfssamning við Félagsstofnun stúdenta

TM gefur sérnámsbraut Borgarholtsskóla tjónaða bíla

Kynning á framadögum Háskólans í Reykjavík

Heimsókn HR og ungmennaráðs Samtaka starfsfólks fjármálafyrirtækja

Öflugur bakhjarl nýsköpunarkeppninnar Gulleggsins

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

Sterk fjárhagsstaða og traustur rekstur skilar góðri arðsemi og lágu kostnaðarhlutfalli

## Arðsemi

### Arðsemi eiginfjár




| 3M 2026 | Markmið |
|---|---|
| 13,5% | ≥ 10% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vænt arðsemi eiginfjár á árinu 2026 er 11,0-13,0%.

## Skilvirkni

### Kostnaðarhlutfall (K/T)




| 3M 2026 | Markmið |
|---|---|
| 30,3% | ≤ 40% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vænt K/T hlutfall á árinu 2026 er 31-34%.

## Fjárhagslegur styrkur

### Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)




| 3M 2026 | Markmið |
|---|---|
| 20,1% | ≥ 18% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Markmið bankans er að almennt eigið fé þáttar 1 sé yfir 18%, en jafnframt stefnir bankinn á að vera áfram í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall eins og það er metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum.

### Arðgreiðslur




| 3M 2026 | Markmið |
|---|---|
| ✓ | 50% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs.

Sérstök arðgreiðsla
Regluleg arðgreiðsla

Markmið
Krafa um eiginfjárgrunn



# Rekstrarreikningur

# Rekstrarreikningur

| | 3M 2026 | 3M 2025 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 20.611 | 14.800 | 5.811 | 39% |
| Hreinar þjónustutekjur | 3.247 | 3.004 | 243 | 8% |
| Afkoma af vátryggingarsamningum | 540 | 270 | 270 | 100% |
| Hrein virðisbreyting | -1.625 | -331 | -1.294 | 391% |
| Aðrar rekstrartekjur | 1.282 | 1.417 | -135 | -10% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **24.055** | **19.160** | **4.895** | **26%** |
| Laun og launatengd gjöld | 4.927 | 4.465 | 462 | 10% |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.846 | 3.068 | -222 | -7% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 697 | 671 | 26 | 4% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **8.470** | **8.204** | **266** | **3%** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **15.585** | **10.956** | **4.629** | **42%** |
| Tekjuskattur | 4.408 | 3.016 | 1.392 | 46% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **11.177** | **7.940** | **3.237** | **41%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar vaxtatekjur

## Vaxtamunur hækkar og mælist 3,5% en sveiflur á milli fjórðunga eru vegna óvenju mikillar árstíðarsveiflu verðbólgu

### Hreinar vaxtatekjur




### Virk verðbólga og vaxtamunur




### Verðtryggingarjöfnuður




### Hreinar vaxtatekjur eftir starfsþáttum




Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## Áframhaldandi vöxtur þjónustutekna samhliða auknum umsvifum. Neikvæð ávöxtun hlutabréfaeignar á fjórðungnum.




### Hreinar þjónustutekjur




### Markaðsskuldabréf




### Hlutabréf




Fjárhæðir í milljónum króna

# TM tryggingar

- Uppgjörið sýnir góða afkomu í vátryggingastarfsemi, en fjárfestingar voru undir áætlun sökum krefjandi markaðsaðstæðna.
- Tekjur af vátryggingarsamningum jukust um 1,0% frá sama tímabili árið áður.
- Tjónakostnaður lækkaði um 5,5% á milli ára.
- Samsett hlutfall lækkaði sem má rekja til minni tjónakostnaðar á tímabilinu.
- Ávöxtun tímabilsins var um 0,9%, en afkoma fjárfestingarstarfsemi á fjórðungnum reyndist undir væntingum.
- Afkoma skuldabréfa var góð á fjórðungnum.
- Ávöxtun skráðra hlutabréfa var neikvæð um 354 m.kr. en úrvalsvísitalan lækkaði um 8,1%.
- Aðalfundur TM sem haldinn var þann 28. apríl sl. samþykkti tillögu stjórnar um 2 ma.kr. arðgreiðslu.

## Rekstrarafkoma og arðsemi eiginfjár




## Samsett hlutfall




## Fjárfestingareignir

| | 31.12.2025 | Hreyfing | Afkoma | 31.3.2026 | Ávöxtun |
|---|---|---|---|---|---|
| Laust fé | 945 | -178 | 6 | 767 | 0,8% |
| Ríkistryggðar fjáreignir | 10.714 | -976 | 100 | 9.738 | 1,0% |
| Skuldabréf | 15.876 | 2.886 | 521 | 18.762 | 3,0% |
| Lausafjár- og skuldabréfasjóðir | 2.426 | 1.879 | 82 | 4.305 | 2,4% |
| Skráð hlutabréf | 8.167 | -2.131 | -354 | 6.036 | -5,0% |
| Óskráð hlutabréf | 5.609 | 36 | 34 | 5.644 | 0,6% |
| Annað | 110 | -38 | 13 | 72 | 14,4% |
| **Fjárfestingareignir alls** | **43.847** | **1.478** | **401** | **45.325** | **0,9%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## Launakostnaður hækkar með fjölgun stöðugilda samstæðunnar, en annar rekstrarkostnaður lækkar milli ára

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Annar rekstrarkostnaður og bankaskattur







Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur



# Heildareignir

## Hóflegur vöxtur efnahagsreiknings. Markaðsskuldabréf lækka samhliða arðgreiðslu í lok fjórðungs.

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 134 | 126 | 8 | 6% |
| Markaðsskuldabréf | 159 | 193 | -34 | -18% |
| Hlutabréf | 29 | 31 | -2 | -6% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 57 | 41 | 16 | 39% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.910 | 1.884 | 26 | 1% |
| Aðrar eignir | 46 | 50 | -4 | -8% |
| **Samtals** | **2.335** | **2.325** | **10** | **0%** |

- Heildareignir jukust um 10 milljarða á fyrsta ársfjórðungi 2026.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 16 milljarða frá áramótum en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 6 milljarðar er heildaraukningin 22 milljarðar.







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## Hóflegur útlánavöxtur, en vanskil einstaklinga og fyrirtækja eru áfram lág í sögulegu samhengi

### Heildarútlán




### Vandræðalán







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga

Verðtryggð íbúðalán dragast saman í kjölfar breytinga á vöruframboði. Mikil útlánagæði í lánasafninu.

## Útlán til einstaklinga




## Útlán til einstaklinga eftir flokkun í áhættustig




## Útlán heimila eftir lánsformum




## Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Meðaltal LTV safnsins er 47,1%

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja

Góður vöxtur í útlánum til fyrirtækja. Nokkur aukning í útlánum í áhættustigi 2.

## Útlán til fyrirtækja




## Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




## Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til félaga í byggingarstarfsemi

Almennt góð veðstaða sem er metin út frá kostnaðarverði fasteigna. Á tímabilinu voru útlán til fasteignafélaga að fjárhæð 29 milljarðar króna endurflokkuð sem útlán til byggingarstarfsemi, sem hefur engin áhrif á heildarútlán.

### Breyting á bókfærðu virði – 1F 2026




### Veðhlutfall




### Flokkun í áhættustig




### Tegund veða




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

Áframhaldandi lítil vanskil og góð tryggingastaða. Virðisrýrnunarsjóður bankans hækkar í 10,5 milljarða króna, sem nemur um 0,6% af útlánasafni bankans.

## Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




## Áhættukostnaður útlána




## Rekstraráhrif virðisrýrnunar




## Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði nettó | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.711.688 | 89,1% | 3.064 | 0,2% | 1.708.624 | 89,5% |
| Áhættustig 2 | 133.221 | 6,9% | 2.117 | 1,6% | 131.104 | 6,9% |
| Áhættustig 3 | 24.838 | 1,3% | 5.307 | 21,4% | 19.531 | 1,0% |
| Gangvirði | 50.830 | 2,6% | 0 | 0,0% | 50.830 | 2,7% |
| **Samtals** | **1.920.577** | **100%** | **10.488** | **0,5%** | **1.910.089** | **100%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Skuldir og eigið fé

## Aukin fjölbreytni í fjármögnun, en innlán eru þó áfram rúmlega helmingur af heildarfjármögnun bankans

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 7 | 20 | -13 | -65% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 1.283 | 1.249 | 34 | 3% |
| Lántaka | 572 | 577 | -5 | -1% |
| Vátryggingaskuld | 27 | 26 | 1 | 4% |
| Aðrar skuldir | 56 | 55 | 1 | 2% |
| Víkjandi lántaka | 70 | 54 | 16 | 30% |
| Eigið fé | 320 | 344 | -24 | -7% |
| **Samtals** | **2.335** | **2.325** | **10** | **0%** |

- Bankinn gaf út víkjandi AT1 verðbréf í krónum í fyrsta sinn á fjórðungnum að fjárhæð 16 milljarðar.
- Arðgreiðslur ársins munu nema alls 34,9 milljörðum og hefur bankinn þegar greitt 25,5 milljarða.







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Innlán frá viðskiptavinum

## Áframhaldandi vöxtur í innlánum heimila. Í heild er 3% innlánaauking á fjórðungnum, einkum í krónum.







- Innlán heimila hækkuðu um 10 milljarða á fyrsta ársfjórðungi 2026, en heildarinnlán viðskiptavina jukust um 34 milljarða á ársfjórðungnum.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 46% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lánsfjármögnun

## Aukin hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans með vel heppnaðri útgáfu verðbréfa viðbótar eiginfjár þáttar 1 (e. AT1)

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur

### Heildarlausafjárþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja EUR




### Fjármögnunarþekja



# Eiginfjárkröfur

## Eiginfjárhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 1,4% | 1,8% | 2,5% |
| **Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **5,9%** | **7,8%** | **10,5%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 1,9% | 1,9% | 1,9% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 3,0% | 3,0% | 3,0% |
| Sveiflujöfnunarauki | 2,4% | 2,4% | 2,4% |
| Verndunarauki | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **9,8%** | **9,8%** | **9,8%** |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **15,7%** | **17,6%** | **20,3%** |
| **Eiginfjárhlutfall alls** | **20,1%** | **22,0%** | **24,8%** |

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu.
- Staða samstæðu samkvæmt CRR er reikningsskilaleg samstæða Landsbankans, án dótturfélaga í vátryggingastarfsemi.
- Vogunarhlutfall er 13,7% í lok fyrsta ársfjórðungs 2026 og er til marks um mikinn fjárhagslegan styrkleika bankans. Gírun eiginfjár er á sama tíma 7,3x.
- Svigrúm bankans að takmörkunum á hámarksfjárhæð úthlutunar samkvæmt CRD-tilskipuninni (CRD MDA), var 66.072 milljónir í lok tímabilsins, sem samsvarar 4,4% af áhættugrunni bankans.

### Samsetning eiginfjár og heildarkrafa um eiginfjárgrunn




### Áhættuvegnar eignir




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

## MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur




- Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2025 og er skv. lögum sú hærri af:
  - **Áhættutengt:**
    2 x (stoð I + stoð II-R ) + samanlögð krafa um eiginfjárauka (CBR)
  - **Vogunartengt:**
    2 x lágmarkskrafa um vogunarhlutfall (3,0% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)
- Skilavaldið leggur jafnframt á sérstaka MREL-kröfu um undirskipaða fjármögnun sem nemur 13,5% af áhættugrunni, sem bankinn þarf að uppfylla frá og með 4. október 2027.
- MREL-krafa gagnvart Landsbankanum er 30,8% af áhættugrunni eða sem nemur 460,7 mö.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2026.
  - MREL-fjármögnun bankans er samtals 595,3 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2026, eða sem jafngildir 39,8% af áhættugrunni.
- MREL-krafa um undirskipan gagnvart Landsbankanum er 23,3% af áhættugrunni, eða sem nemur 348,6 mö.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2026.
  - MREL-undirskipuð fjármögnun bankans er samtals 410,5 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2026, eða sem nemur 27,4% af áhættugrunni.
- Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.
  - Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
  - Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfur á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).

Fjárhæðir í milljónum króna

# Arðgreiðslur

## 34,9 milljarða arðgreiðslur á árinu 2026

### Arðgreiðslur 2026

- Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 18. mars 2026, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2025 sem næmi 0,80 krónum á hlut og að arðgreiðslan yrði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,40 krónum á hlut og var sú fyrri greidd þann 25. mars sl. en sú síðari verður innt af hendi þann 16. september 2026. Reglulegur arður vegna ársins 2025 nemur því 18,9 milljörðum króna.
- Einnig var samþykkt tillaga um sérstaka arðgreiðslu sem næmi 0,68 krónum á hlut, eða 16,1 milljarði króna, og var greiðslan innt af hendi 25. mars sl.
- Arðgreiðslur vegna reikningsársins 2025 nema því í heild 34,9 milljörðum króna.

### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur




### Breyting á almennu eiginfé þáttar 1 (e. CET1)




| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Almennt eigið fé þáttar 1** | **311,8** | **11,2** | | **-5,6** | **-16,1** | **-0,4** | **300,9** |
| **Áhættugrunnur** | **1.473,0** | | **22,9** | | | | **1.495,9** |

Fjárhæðir í milljörðum króna



# Viðauki

# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Greiningardeild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 10% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 60% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 30% (2025: 10%-75%-15%).

**Hagvöxtur**




**Atvinnuleysi**




**Verðbólga**




**Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)**




**EUR / ISK**




**Íbúðaverð breyting milli ára**




Grunnsviðsmynd — Jákvæð sviðsmynd — Neikvæð sviðsmynd

# Kennitölur

| | 3M 2026 | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 4F 2025 | 3F 2025 | 2F 2025 | 1F 2025 | 4F 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 11.177 | 38.015 | 37.508 | 33.167 | 16.997 | 8.560 | 11.133 | 10.382 | 7.940 | 10.600 |
| Arðsemi eiginfjár eftir skatta | 13,5% | 11,6% | 12,1% | 11,6% | 6,3% | 10,1% | 13,5% | 13,0% | 10,0% | 13,3% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 1,9% | 1,7% | 1,8% | 1,7% | 1,0% | 1,5% | 1,9% | 1,8% | 1,4% | 1,9% |
| Heildareignir | 2.335.310 | 2.324.939 | 2.181.759 | 1.960.776 | 1.787.024 | 2.324.939 | 2.297.601 | 2.305.038 | 2.257.092 | 2.181.759 |
| Hreinar vaxtatekjur | 20.611 | 62.087 | 57.197 | 57.559 | 46.464 | 12.718 | 16.907 | 17.662 | 14.800 | 13.107 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 3,5% | 2,7% | 2,7% | 3,0% | 2,7% | 2,2% | 2,9% | 3,1% | 2,7% | 2,4% |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 148,9% | 150,8% | 147,1% | 155,5% | 159,6% | 150,8% | 148,4% | 147,5% | 145,7% | 147,1% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 30,3% | 34,3% | 32,4% | 33,7% | 46,8% | 42,2% | 28,5% | 33,3% | 38,7% | 32,8% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna | 1,3% | 1,3% | 1,3% | 1,4% | 1,4% | 1,4% | 1,1% | 1,3% | 1,4% | 1,3% |
| Eigið fé samtals | 319.940 | 343.773 | 324.649 | 303.754 | 279.091 | 343.773 | 335.213 | 324.079 | 313.698 | 324.649 |
| Eiginfjárhlutfall alls | 24,8% | 24,8% | 24,3% | 23,6% | 24,7% | 24,8% | 24,0% | 24,0% | 23,6% | 24,3% |
| Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL) | 39,8% | 40,5% | 38,2% | 37,9% | 40,4% | 40,5% | 39,2% | 38,3% | 38,1% | 38,2% |
| Heildarlausafjárþekja | 203% | 180% | 164% | 181% | 134% | 180% | 229% | 234% | 221% | 164% |
| Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022) | 593% | 1386% | 951% | 1499% | 351% | 1386% | 1236% | 661% | 1197% | 951% |
| Lausafjárþekja ISK | 133% | 122% | 133% | 129% | 99% | 122% | 121% | 120% | 106% | 133% |
| Fjármögnunarþekja | 126% | 126% | 124% | 123% | 117% | 126% | 128% | 125% | 123% | 124% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 159% | 163% | 143% | 145% | 132% | 163% | 173% | 168% | 161% | 143% |
| Stöðugildi | 943 | 930 | 822 | 802 | 813 | 930 | 948 | 927 | 926 | 822 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 3M 2026 | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 4F 2025 | 3F 2025 | 2F 2025 | 1F 2025 | 4F 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 20.611 | 62.087 | 57.197 | 57.559 | 46.464 | 12.718 | 16.907 | 17.662 | 14.800 | 13.107 |
| Hreinar þjónustutekjur | 3.247 | 12.561 | 11.405 | 11.153 | 10.623 | 3.377 | 2.979 | 3.201 | 3.004 | 3.337 |
| Afkoma af vátryggingarsamningum | 540 | 1.748 | | | | 1 | 708 | 769 | 270 | |
| Hrein virðisbreyting | -1.625 | -1.150 | -2.772 | -3.120 | 2.473 | 1.789 | -2.864 | 256 | -331 | -754 |
| Aðrar rekstrartekjur | 1.282 | 8.965 | 13.873 | 8.256 | -6.307 | 2.506 | 4.256 | 786 | 1.417 | 5.411 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **24.055** | **84.211** | **79.703** | **73.848** | **53.253** | **20.391** | **21.986** | **22.674** | **19.160** | **21.100** |
| Laun og launatengd gjöld | 4.927 | 18.100 | 16.534 | 15.866 | 14.474 | 5.065 | 3.869 | 4.700 | 4.465 | 4.529 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.846 | 11.163 | 10.202 | 10.092 | 9.289 | 2.794 | 2.533 | 2.769 | 3.068 | 2.633 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 697 | 2.739 | 2.597 | 2.290 | 2.097 | 712 | 658 | 699 | 671 | 642 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **8.470** | **32.002** | **29.333** | **28.248** | **25.860** | **8.570** | **7.060** | **8.168** | **8.204** | **7.804** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **15.585** | **52.209** | **50.370** | **45.600** | **27.393** | **11.821** | **14.926** | **14.506** | **10.956** | **13.296** |
| Tekjuskattur | 4.408 | 14.194 | 12.862 | 12.433 | 10.396 | 3.261 | 3.793 | 4.124 | 3.016 | 2.696 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **11.177** | **38.015** | **37.508** | **33.167** | **16.997** | **8.560** | **11.133** | **10.382** | **7.940** | **10.600** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 | Breyting | | 31.12.2024 | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 134.238 | 125.527 | 8.711 | 7% | 129.981 | 75.350 | 42.216 |
| Markaðsskuldabréf | 159.127 | 193.260 | -34.133 | -18% | 139.104 | 148.182 | 125.265 |
| Hlutabréf | 29.017 | 30.554 | -1.537 | -5% | 32.644 | 19.012 | 19.106 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 56.753 | 41.084 | 15.669 | 38% | 39.346 | 54.101 | 28.621 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.910.089 | 1.884.305 | 25.784 | 1% | 1.807.437 | 1.630.894 | 1.544.360 |
| Aðrar eignir | 46.086 | 50.210 | -4.124 | -8% | 33.247 | 33.237 | 27.456 |
| **Eignir samtals** | **2.335.310** | **2.324.939** | **10.371** | **0%** | **2.181.759** | **1.960.776** | **1.787.024** |
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 7.192 | 20.272 | -13.080 | -65% | 11.989 | 29.968 | 6.634 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 1.282.584 | 1.249.306 | 33.278 | 3% | 1.228.444 | 1.048.537 | 967.863 |
| Lántaka | 572.234 | 577.268 | -5.034 | -1% | 529.150 | 513.687 | 476.864 |
| Vátryggingaskuld | 26.912 | 26.099 | 813 | 3% | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir | 56.495 | 53.873 | 2.622 | 5% | 47.538 | 44.654 | 34.819 |
| Víkjandi lántaka | 69.952 | 54.348 | 15.604 | 29% | 39.989 | 20.176 | 21.753 |
| Eigið fé | 319.940 | 343.773 | -23.833 | -7% | 324.649 | 303.754 | 279.091 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **2.335.310** | **2.324.939** | **10.371** | **0%** | **2.181.759** | **1.960.776** | **1.787.023** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1.2026 - 31.3.2026 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og viðskiptavakt | TM | Önnur svið | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 5.213 | 8.463 | 194 | 6.364 | 86 | 102 | 189 | 20.611 |
| Hreinar þjónustutekjur | 856 | 770 | 1.522 | -41 | 0 | 193 | -53 | 3.247 |
| Afkoma af vátryggingarsamningum | 0 | 0 | 0 | 0 | 331 | 0 | 209 | 540 |
| Hrein virðisbreyting | -303 | -1.323 | 2 | -2 | 1 | 0 | 0 | -1.625 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | -16 | -54 | -270 | 1.370 | 274 | 58 | -80 | 1.282 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **5.750** | **7.856** | **1.448** | **7.691** | **692** | **353** | **265** | **24.055** |
| Rekstrargjöld | -1.966 | -973 | -677 | -341 | -142 | -3.518 | -156 | -7.773 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -296 | -139 | -4 | -256 | 0 | -2 | 0 | -697 |
| Útskiptur kostnaður | -1.233 | -912 | -364 | -304 | 0 | 2.813 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **2.255** | **5.832** | **403** | **6.790** | **550** | **-354** | **109** | **15.585** |
| Tekjuskattur | -656 | -1.536 | -107 | -2.000 | -180 | 71 | 0 | -4.408 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **1.599** | **4.296** | **296** | **4.790** | **370** | **-283** | **109** | **11.177** |
| | | | | | | | | |
| Eignir samtals | 943.742 | 949.476 | 14.895 | 795.795 | 60.420 | 18.182 | -447.200 | 2.335.310 |
| Skuldir samtals | 875.357 | 795.412 | 11.697 | 736.984 | 26.271 | 16.849 | -447.200 | 2.015.370 |
| Úthlutað eigið fé | 68.385 | 154.064 | 3.198 | 58.811 | 34.149 | 1.333 | | 319.940 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.

Traustur banki

*fyrir farsæla framtíð*